



Sjávarútvegs- og Landbúnaðaráðuneytið

Skúlagötu 4

150 Reykjavík

| SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ | |
|---|---------------|
| Skj. n. | 10.7.2 |
| lnuk. | |
| | 21. JÓLÍ 2008 |
| Ábн. | 46 (skj.) |
| SL.R | 08040759 |

Tálknafirði 7.júlí 2008.

Efni : Reglur er varða úthlutun byggðakvóta fiskveiðíárið 2007/2008 í Tálknafjarðarhreppi.

Tálknafjarðarhreppi hefur verið úthlutað 150 þorskígildistonna byggðakvóta, sbr. bréf ráðuneytisins dags. 27.júní 2008. Á fundi hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps 7.júlí 2008, var úthlutunin rædd og eftirfarandi tillaga samþykkt :

„Hreppsnefnd leggur til að við úthlutun til fiskiskipa verði stuðst við reglugerð nr. 605/2008, en vill nýta sér ákvæði 2.gr. reglugerðarinnar og setja eitt sérstakt skilyrði sem er að út úr 4.gr. reglugerðarinnar verði tekið „við úthlutun skal ekkert fiskiskip hljóta meira en 15 þorskígildislestir“ Oddvita farið að senda Sjávarútvegsráðuneytinu tillögu hreppsnefndar ásamt rökstuðningi . Samþykkt samhljóða.“

Tálknafjarðarhreppur óskar eindregið eftir því við ráðherra að 15 tonna þaki á úthlutun verði kippt úr sambandi, með það að leiðarljósi að þau fiskiskip sem landað hafa mestum afla í heimahöfn fái byggðakvóta í hlutfalli við það. Þá er ánægjulegt að reglugerðinni hafi verið breytt þ.a. nú sé úthlutað á grundvelli landaðs afla en ekki úthlutaðs aflamarks.

Virðingarfyllst,
f.h. Tálknafjarðarhrepps.



Oddviti Tálknafjarðarhrepps
Tálknafjarðarhreppur

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir